TILMÆLI FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1936 **2019/EES/49/04**

frá 18. október 2017

um tafarlausar ráðstafanir til að koma í veg fyrir misnotkun forefna sprengiefna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 292. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Nýlegar hryðjuverkaárásir og atburðir gefa til kynna að ógn af völdum heimagerðra sprengiefna í Evrópu er enn mikil. Þrátt fyrir tilraunir til að takmarka og stýra aðgengi að forefnum sprengiefna með skilvirkum hætti eru þau enn þá aðgengileg og notuð í þeim tilgangi að gera heimagerð sprengiefni.

2) Í ályktun 2370 (2017) leggur öryggisráð SÞ áherslu á brýna þörf þess að koma í veg fyrir að hryðjuverkamenn noti eða sækist eftir aðgangi að hráefnum og efnisþáttum sem geta verið notuð til að framleiða sprengiefni og hvetur til aukinnar árvekni, þ.m.t. með að boða til góðra viðskiptahátta, deila upplýsingum yfir landamæri og koma á fót samstarfi.

3) Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 98/2013 ([1]) er komið á samræmdum reglum um aðgengileika, innflutning, vörslu og notkun efna eða blandna, sem hægt er að misnota til ólöglegrar framleiðslu sprengiefna, með það í huga að takmarka aðgengi almennings að þessum efnum og tryggja viðeigandi tilkynningar um grunsamleg viðskipti í gegnum alla aðfangakeðjuna.

4) Nauðsynlegt er að beita reglugerð (ESB) nr. 98/2013 rétt í öllum aðildarríkjunum til að ná fram markmiðum hennar um að bæta frjálsa dreifingu hreinna efna og blandna á innri markaðnum og að útrýma röskun á samkeppni á sama tíma og almenningi er tryggð víðtæk vernd með tilliti til öryggis. Það mun einnig stuðla að því að ná fram markmiðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/541 ([2]) til að koma í veg fyrir hryðjuverk sem fela í sér framleiðslu, vörslu, öflun, flutning, dreifingu eða notkun sprengiefna ásamt því að veita eða fá tilsögn í gerð eða meðferð sprengiefna.

5) Með þessum tilmælum er stefnt að því að tryggja að markmið reglugerðar (ESB) nr. 98/2013 náist með skilvirkari hætti með því að veita aðildarríkjum leiðbeiningar um beitingu reglugerðarinnar. Þessi tilmæli eru viðbót við viðmiðunar-reglurnar ([3]), sem framkvæmdastjórnin og fastanefndin um forefni hafa samþykkt ([4]), og taka tillit til umræðna í nefndinni og svæðisbundinna málstofa sem yfirvöld aðildarríkjanna tóku þátt í og haldnar voru 2016 og 2017.

6) Það ætti að takmarka aðgengi almennings að forefnum sprengiefna til að koma í veg fyrir að hryðjuverkamenn verði sér úti um forefni sprengiefna. Með reglugerð (ESB) nr. 98/2013 takmarkast notkun og aðgangur almennings að sjö hreinum efnum (forefni sprengiefna sem sæta takmörkunum sem tilgreind eru í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 98/2013) ([5]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 273, 24.10.2017, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 191/2018 frá 21. september 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 98/2013 frá 15. janúar 2013 um markaðssetningu og notkun forefna sprengiefna (Stjtíð. ESB L 39, 9.2.2013, bls. 1).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/541 frá 15. mars 2017 um baráttu gegn hryðjuverkum og að skipta út rammaákvörðun ráðsins 2002/475/DIM og breyta ákvörðun ráðsins 2005/671/DIM (Stjtíð. ESB L 88, 31.3.2017, bls. 6).

([3]) https://ec.europa.eu/home-affairs/sites/homeaffairs/files/what-we-do/policies/crisis-and-terrorism/explosives/explosives-precursors/docs/guidelines_on_the_marketing_and_use_of_explosives_precursors_en.pdf

([4]) http://ec.europa.eu/transparency/regexpert/index.cfm?do=groupDetail.groupDetail=3245

([5]) Vetnisperoxíð, nítrómetan, saltpétursýra, kalíumklóríð, kalíumperklórat, natríumklórat, natríumperklórat í meiri styrkleika en samsvarandi viðmiðunarmörk sem sett eru fram í I. viðauka þ.m.t. blanda eða annað efni, sem inniheldur efni í skránni í styrkleika sem er yfir samsvarandi viðmiðunarmörkum.

7) Þrátt fyrir þetta bann geta aðildarríkin ákveðið að veita almenningi aðgang að þessum efnum en aðeins í gegnum leyfisveitinga- og skráningarkerfi. Frá og með 1. janúar 2017 hafa 16 aðildarríki innleitt leyfisveitinga- og/eða skráningarkerfi í stað banns ([1]). Af þeim sökum hafa almennir borgarar í þessum aðildarríkjum enn aðgang að og geta notað efni og blöndur sem eru forefni sprengiefna sem sæta takmörkunum.

8) Aðildarríkin ættu að greina og stuðla að notkun á lægri styrkleika og staðgönguefnum sem af stafar minni öryggisáhætta og fastsetja skilyrði fyrir geymslu á forefnum sprengiefna. Aðildarríki sem hafa leyfisveitingakerfi ættu að gera bakgrunnsskoðun á einstaklingum sem sækja um leyfi.

9) Tilmæli þessi kalla einnig á bætta framfylgd á þeim takmörkunum og eftirliti sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 98/2013 og samvinnu þvert á geira. Aukin vitundarvakning á meðal allra aðila í aðfangakeðjunni, þ.m.t. þeirra sem starfa á netinu, gerir þeim betur kleift að uppfylla skyldur sínar samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 98/2013.

10) Án þess að hafa áhrif á lagarammann fyrir upplýsingaskipti yfir landamæri með tilliti til rannsókna sakamála að því er varðar hryðjuverk ([2]) eða á sviði tollamála ([3]), kalla þessi tilmæli eftir upplýsingaskiptum varðandi grunsamleg viðskipti, hvarf, þjófnað og önnur grunsamleg atvik eða leyfisumsóknir þegar þetta virðist ná yfir landamæri.

11) Þrátt fyrir að í nýlegum árásum og atburðum hafi aðallega verið notað tríasetontríperoxíð (TATP) nær ógnin yfir breitt svið heimagerðra sprengiefna og forefni sprengiefna. Sambandið og aðildarríki þess verða áfram að sýna árvekni með því að fylgjast með og bregðast við þróun á þessu sviði í samvinnu við viðkomandi hagsmunaaðila og notendur.

12) Frá því að reglugerðin var samþykkt hefur framkvæmdastjórnin vaktað og greitt fyrir beitingu hennar í nánu samstarfi við fastanefndina um forefni. Í febrúar 2017 samþykkti framkvæmdastjórnin skýrslu ([4]) þar sem ályktað var að þrátt fyrir að gildistaka reglugerðarinnar hafi stuðlað að því að draga úr ógninni, sem stafar af forefnum sprengiefna í Evrópu, sé nauðsynlegt að ákvarða ráðstafanir og aðgerðir sem styrkja eftirlitskerfið viðvíkjandi heimagerðum sprengiefnum. Í maí 2017 byrjaði framkvæmdastjórnin að vinna í því að endurskoða reglugerðina ([5]) um forefni sprengiefna með mati sem fylgt verður eftir með áhrifamati fyrri hluta árs 2018. Í matinu verður kannað mikilvægi, árangur, skilvirkni, samræmi og aukið vægi reglugerðarinnar sem og að greina hindranir og vandamál sem gætu kallað á frekari aðgerðir. Í áhrifamatinu verða ýmsir stefnuvalkostir kannaðir til að takast á við vandamál og hindranir sem greinast. Meðan beðið er eftir niðurstöðum úr þessari endurskoðun er mælt með því í tilmælunum að aðildarríkin geri tafarlaust ráðstafanir til að takmarka á skilvirkan hátt aðgengi almennings að forefnum sprengiefna innan ramma núgildandi reglugerðar.

SAMÞYKKT TILMÆLI ÞESSI:

Takmörkun á aðgengi almennings að forefnum sprengiefna

1. Aðildarríkin ættu að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 98/2013 til að takmarka aðgengi almennings að forefnum sprengiefna og koma í veg fyrir aðgengi hryðjuverkamanna að forefnum sprengiefna sem og tryggja viðeigandi tilkynningar um grunsamleg viðskipti í gegnum alla aðfangakeðjuna. Í þessu skyni ættu aðildarríkin að meta vandlega hvort kerfið, sem þau hafa komið á, varðandi bönn, leyfi eða skráningar nái þessum markmiðum á skilvirkan hátt. Aðildarríkin ættu að upplýsa framkvæmdastjórnina um niðurstöður matsins innan fjögurra mánaða eftir samþykkt þessara tilmæla. Þessar upplýsingar munu stuðla að mati á hugsanlegum frekari ráðstöfunum á vettvangi ESB.

([1]) Skýrsla frá framkvæmdastjórninni um beitingu og framsal valds samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 98/2013 um markaðssetningu og notkun forefna sprengiefna, COM(2017) 103 lokagerð frá 28. febrúar 2017.

([2]) Ákvörðun ráðsins 2005/671/DIM frá 20. september 2005 um upplýsingaskipti og samvinnu á sviði hryðjuverkabrota (Stjtíð. ESB L 253, 29.9.2005, bls. 22).

([3]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 515/97 frá 13. mars 1997 um gagnkvæma aðstoð stjórnvalda í aðildarríkjunum og samvinnu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar til að tryggja rétta beitingu tolla- og landbúnaðarlaga (Stjtíð. EB L 82, 22.3.1997, bls. 1).

([4]) Skýrsla frá framkvæmdastjórninni um beitingu og framsal valds samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 98/2013 um markaðssetningu og notkun forefna sprengiefna, COM(2017) 103 lokagerð frá 28. febrúar 2017.

([5]) https://ec.europa.eu/home-affairs/what-is-new/work-in-progress/initiatives/revision-regulation-marketing-and-use-explosives-precursors_en

2. Auk þess skulu aðildarríkin grípa tafarlaust til eftirfarandi aðgerða:

   a) stuðla að og, ef unnt er og við á, krefjast þess að notuð séu staðgönguefni eða lægri styrkleiki sem nota má fyrir sömu lögmætu starfsemi en af stafar minni öryggisáhætta,

   b) mæla fyrir um öryggisskilyrði vegna geymslu á forefnum sprengiefna fyrir rekstraraðila, atvinnunotendur og almenna borgara sem hafa forefni sprengiefna löglega í vörslu sinni,

   c) veita rekstraraðilum skýra leiðsögn varðandi hvernig á að staðfesta á áhrifaríkan og skilvirkan hátt hvort einstaklingur sé almennur borgari eða ekki. Í því skyni gætu aðildarríki notað hugtakið „atvinnunotandi“ sem gefur til kynna einstakling sem hefur þörf fyrir forefni sprengiefna sem sæta takmörkunum í tilgangi sem tengist atvinnugrein, viðskiptum eða starfsgrein,

   d) þegar leyfisveitingakerfi er til staðar skv. 2. mgr. 4. gr reglugerðar (ESB) nr. 98/2013, gera bakgrunnsskoðun á þeim einstakling sem sækir um leyfi, þ.m.t. athugun á sakaskrá umsækjandans í öllum búseturíkjum síðustu fimm árin og

   e) koma á eftirlitskerfi til að kanna hvort rekstraraðilar fari að tilskildum ákvæðum eða ekki.

Efling samstarfs og viðræðna við aðila í aðfangakeðjunni

3. Til þess að efla samstarf og viðræður við aðila í aðfangakeðjunni ættu aðildarríkin:

   a) að bjóða upp á menntun til að sjá til þess að löggæsla, þeir sem veita skyndihjálp og tollyfirvöld geti greint efni og blöndur sem eru forefni sprengiefna við skyldustörf sín og brugðist tímanlega og með viðeigandi hætti við grunsamlegri starfsemi,

   b) til viðbótar við gildandi tilkynningarskyldu í 4. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 98/2013, að hvetja endanlega notendur forefna sprengiefna til að tilkynna um hvarf eða þjófnað á miklu magni efna,

   c) svo framarlega sem það fellur ekki þegar undir núgildandi skuldbindingar löggjafar Sambandsins, að skiptast á upplýsingum um grunsamleg viðskipti, hvarf, þjófnað og önnur grunsamleg atvik eða leyfisumsóknir þegar þetta virðist ná yfir landamæri, við önnur hlutaðeigandi aðildarríki, eins fljótt og mögulegt er og í samræmi við landslög og viðeigandi þjóðréttarlega lagagerninga, og

   d) að greina alla mikilvæga geira, þ.m.t. þá sem starfa á netinu, skipuleggja markvissa vitundarvakningu út frá sérstökum einkennum hvers geira og halda áfram viðræðum við aðila í aðfangakeðjunni og endanlega notendur til að bæta skilning á lögmætri notkun forefna sprengiefna í atvinnuskyni og þeirri sem er ekki í atvinnuskyni.

Gjört í Brussel, 18. október 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

Julian KING

framkvæmdastjóri

_____